

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Smiðja, Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Búðardal, 2. maí 2024

Efni: Umsögn sveitarfélagsins Dalabyggðar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál á þingskjali 1339.

Vísað til umsagnarbeðnar nr. 12570 frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sem send var út 19.04.2024.

Dalabyggð vill byrja á því að fagna að fram eigi að leggja lög sem taka tillit til möguleikanna á vindorku á Íslandi. Það er óhjákvæmilegt að á einhverjum tímapunkti mun vindorka vera raunhæfur orkukostur, hvar á landinu sem það verður eða hvernig sem útfærslan verður að öðru leyti. Þar verður regluverk hins opinbera að skýra línur, viðmið og markmið á landsvísu hvort sem um er að ræða vindorku eða aðra orkugjafa. Dalabyggð telur að sami rammi og viðmið eigi að gilda um alla orkuframleiðslu sem stærri er en kveðið er á um í skilgreiningu um smávirkanir.

Í 5. gr. segir að verkefnastjórn eigi að kanna hvort einstakir virkjunarkostir í vindorku uppfylli ákveðin skilyrði þ.m.t. að virkjunarkosturinn sé innan landsvæðis sem almennt telst hafa verið raskað af mannavöldum. Að mati Dalabyggðar geta með ákvæðinu stangast á ákveðnar kröfur s.s. er varða sjónræn áhrif annars vegar og svo raskað svæði þar sem þau eru líklegri til að vera nær byggð, útsýnisstöðum eða náttúruperlum. Þetta er m.a. tekið fram í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi: *Ekki er verið að segja að þó svæðið teljist raskað í framangreindum skilningi þá skuli virkjunarkosti í vindorku ávallt fundinn staður á á svæðinu eða í grennd við þá starfsemi sem þarna er tilgreind. Þótt raskað svæði falli undir eitthvað af því sem nefnt er hér að framan geta verið önnur mikilvæg sjónarmið sem geta leitt til þess að staðsetningin sé ekki talin heppileg. Þessu þarf að halda til haga, þ.e. aðrar*

forsendur fyrir framkvæmdinni geta leitt til þess að virkjunarmannvirki séu betur staðsett á óröskuðu landi.

Þá fagnar Dalabyggð því að ef ráðherra getur tekið ákvörðun um að virkjunarkostur í vindorku skuli ekki sæta frekari meðferð innan verndar- og orkunýtingaráætlun, þá komi það í hlut hlutaðeigandi sveitarfélags og annarra stjórnvalda að taka afstöðu til veitingar leyfis. Þarna er skipulagsvald sveitarfélaga styrkt sem og stutt við álit Dalabyggðar um að virkjunarkostir skuli vera innan rammaáætlunar séu þeir á stórmælikvarða. Áréttað er að ekki eru gerðar athugasemdir af hálfu sveitarfélagsins við einstaka vindmyllur t.d. við eða á heima- eða útihúsum sem nýttar eru til orkuöflunar fyrir viðkomandi hús/bæ.

Dalabyggð hvetur til þess að málið fái góða umfjöllun hjá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og kjósi nefndin að fá nánari upplýsingar frá sveitarfélaginu lýsum við okkur reiðubúin til að verða við því.


Björn Bjarki Þorsteinsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar

